

23.11.2007

Alþingi
Erindi nr. P 135/413
komudagur 26.11.2007

Kæru þingmenn/konur í allsherjarnefnd!

Ég hef kynnt mér nýjustu rannsóknir um áhrif áfengis á heila unglunga undir tvítugu en þau eru skelfileg. Aflið ykkur tvímælaiaust upplýsinga um þetta! Hér er verið að tala um lítið magn alkóhóls, t.d. bjór eða léttvín.

Í dag má kona á meðgöngu ekki smakka dropa af áfengi vegna mikillar hættu á fósturskaða sem sumir hverjir koma seint fram, eða við upphaf skólagöngu. Hér er einnig verið að tala um mjög lítið magn áfengis eins og bjór og léttvín.

Tölur um umferðaslys og dauðaslys vegna aksturs undir áhrifum áfengis eru skelfilegar.

Biðlistar á BUGL og í áfengismeðferð á Íslandi hafa aldrei verið eins langir.

Rannsóknir sýna ótvírætt að aukið aðgengi að áfengi eykur drykkju, ekki þýðir fyrir neinn að þræta um það! Svíar hafa illilega rekið sig á og snéru við.

Við sköpum aldrei neina "suðræna drykkjumenningu" hér uppi á Íslandi í allt annarri menningu og hörðu lífsgæðakapplaupi, árangurinn af því verður aukin ÖLVUN.

Áfengi er og verður aldrei eins og hver önnur neysluvara og er skelfilegt til þess að vita að hægt verði að nálgast bjór og léttvín á næsta götuhorni. Unglingar munu þrýsta á foreldra að kaupa fyrir sig áfengi. Á mörgum heimilum verður þetta eins sjálfsagt og gosdrykkirnir áður. **Unglingadrykkja mun tvímælaiaust aukast!**

Með ofantaldar staðreyndir að leiðarljósi treysti ég því að þú munir virkilega hugsa þig um áður en þú gefur þitt "já" við frumvarpi sem eykur aðgengi að áfengi á Íslandi og eykur þar með allt það þjóðarból og sundrunu fjölskyldna sem því fylgir. Þetta verður hver og einn að gera upp við sína samvisku!

Takk fyrir, bestu kveðjur,

María Magnúsdóttir
Hjúkrunarfræðingur og fjögurra barna móðir